



Fræðslu-, íþrótt- og tómstundanefnd FUNDUR – 22. október 2003

Fundur haldinn í Fræðslu-, íþrótt- og tómstundanefnd miðvikudaginn 22. október 2003 kl. 18,00 í grunnskólanum á Blönduósi.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Bréf frá menntamálaráðuneytinu (Dagur ísl. tungu).
2. Bréf til félagasamtaka.
3. Önnur mál.

Formaður setti fundinn.

Afgreiðslur:

1. Kynnt var bréf frá menntamálaráðuneytinu um dag íslenskrar tungu sem er 16. nóvember. Í tilefni af þessum degi er hrint af stað stóru lestrarkeppninni sem er orðin árviss viðburður.
2. Ákveðið var að semja bréf til allra félagasamtaka og óska eftir upplýsingum um barna- og unglíngastarf sem unnið er í hverju félagi.
3. Önnur mál. Formaður kynnti framkvæmdir í Skjólinu, þar er verið að laga glugga, mála og einnig verður skipt út húsgögnum. Formaður kynnti hugmyndir að framtíðarskipan skólans.

Fundi slitið kl. 19,40.

Gísli Guðmundsson
Matthías Páll Imsland
Eva Hrund Pétursdóttir
Margrét Einarsdóttir
Helgi Arnarson

Jakobína Halldórsdóttir
Hanna Jörgensen
Berglind Björnsdóttir
Árný Þ. Árnadóttir